

Ályktun aðalfundar Samorku 2023

Öflugt samfélag byggist á traustum innviðum

Orku- og veituinnsviðir eru ein helsta undirstaða samfélagsins. Þeir færa íbúum og fyrirtækjum raforku, heitt og kalt vatn og góða fráveitu, sem er forsenda annarrar atvinnustarfsemi og lífsgæða í landinu. Hingað til hefur okkur borið gæfa til að búa við næga græna orku sem framleidd hefur verið og afhent á hagkvæmari hátt en víðast þekkt. Orkuöryggi, orkusjálfstæði og hagkvæmt orkuverð er hins vegar ekki sjálfgefið og ræðst m.a. af þeirri umgjörð sem orku- og veitugeiranum er búin.

Íslensk stjórnvöld hafa sett markmið um orkuskipti, kolefnishlutleysi og að landið verði óháð jarðefnaeldsneyti árið 2040. Þetta skipar Íslandi á meðal metnaðarfullstu þjóða í loftslagsaðgerðum. Markmiðin eru háð tækniframförum en í öllu falli kalla þau á tvöföldun á afli og orku í orkukerfinu, að leitað verði allra leiða til að bæta orkunýtni og að hugað verði að nægu rafeldsneyti hér á landi.

Skammur tími er til stefnu og því mikilvægt að stjórnvöld fylgi þessum markmiðum eftir og grípi til viðeigandi aðgerða. Brýnt er að sjá til þess að stjórnsýsla, laga- og regluverk styðji við markmiðin, tefji ekki fyrir og unnt verði að afla nægrar grænnar orku sem kemur í stað innflutts eldsneytis.

Orkuöryggi er þjóðaröryggi

Öruggt aðgengi að orku er í senn mikilvægt efnahags- og þjóðaröryggismál. Samgöngur, landbúnaður, framleiðsla og iðnaður er allt háð öruggri orku. Fjölbreytt og stöðugt framboð af endurnýjanlegri orku stuðlar einnig að orkusjálfstæði landsins. Það er skylda hvers ríkis að tryggja orkuöryggi fyrir íbúa sína og stuðla þannig að efnahagslegum stöðugleika og vexti.

Hriktir í stoðum

Á liðnu ári komu í ljós brestir í orkuöryggi þjóðarinnar, sem bent hafði verið á að gætu raungerst. Í kuldatíð þurfti að skerða afhendingu á heitu vatni. Íbúar á

Suðurnesjum fóru ekki varhluta af ófullnægjandi flutningskerfi þegar óveður og bilun urðu þess valdandi að rafmagni sló út og framleiðsla á heitu vatni stöðvaðist um skamma hríð. Stórtjón hefði getað hlotist af ef bilun hefði varað lengur. Leysa þarf úr stöðu Suðurnesjalínu 2 og stórauka þar með raforkuöryggi á Suðurnesjum.

Í illviðrum á liðnum vetri gáfu eldri hlutar flutningskerfis raforku eftir en nýir áfangar á Norðausturlandi skiptu sköpum um áfallapol þess. Mikilvægt er að stórefla flutnings- og dreifikerfi raforku um allt land í þágu orkuöryggis og orkuskipta.

Umgjörð orku- og veitufyrirtækja styðji við loftslagsmarkmið

Margt í þeirri umgjörð sem orku- og veitugeiranum er búin af hálfu stjórnvalda dregur úr líkum þess að unnt verði að ná loftslagsmarkmiðunum og orkuskiptum á settum tíma. Orku- og veitutengdar framkvæmdir taka mörg ár og jafnvel áratugi í þróun og byggingu. Því er brýnt að laga- og regluumgjörð við stjórnsýslu slíkra verkefna skili virkum árangri, taki hóflegan tíma og sé ekki of kostnaðarsöm. Slíkur kostnaður er líklegur til að leggjast á verð þeirrar vöru og þjónustu sem verið er að þróa.

Stórar fjárfestingar í flutnings- og dreifikerfum raforku

Forsenda þess að hægt sé að sinna grunnþjónustu og orkuskiptum heimila og fyrirtækja, svara kalli atvinnulífsins og virkja nýjar grænar lausnir er að flytja orku og dreifa með sambærilegum og hagkvæmum hætti til viðskiptavina, almennings og fyrirtækja um allt land.

Samkvæmt greiningum Samorku þarf fjárfestingar í flutnings- og dreifikerfi vegna fullra orkuskipta án rafeldsneytisframleiðslu fyrir 120-180 milljarða króna. Veitufyrirtæki landsins eru í óða önn að undirbúa þá áskorun.

Flutnings- og dreifiveitur raforku starfa á grundvelli sérleyfis og ítarlegrar lagaumgjarðar. Mikilvægt er að hún verði lagfærð og framkvæmd með þeim hætti af hálfu stjórnvalda að fyrirtækin geti metið flutnings- og dreifiþörf, brýnustu aðgerðir og framkvæmt þær tímanlega. Aðeins þannig mun takast að stilla saman framboð raforku og rétt afl á réttum tíma fyrir orkuskipti almennings

og fyrirtækja. Þannig verður tryggt að dýrmæt atvinnutækifæri og nýsköpun fái áfram þrifist um allt land.

Afla þarf orku fyrir húshitun og orkuskipti

Greiningar um afl- og orkujöfnuð sem settar hafa verið fram sýna verulegar líkur á aflskorti í íslenska raforkukerfinu fram til ársins 2030. Þá hefur Samorka sett fram spá um orkuþörf fyrir Ísland til ársins 2040. Opinberir aðilar hafa ekki unnið slíkar lykilgreiningar. Um leið og Samorka lýsir yfir áhyggjum af stöðu aflgetu kerfisins er skorað á stjórnvöld að taka afstöðu til afl- og orkuþarfar framtíðarinnar og afleiddra áhrifa markmiða í loftslagsmálum og orkuskiptum.

Hitaveitur landsins sjá Íslandi fyrir á milli 60-70% af grunnorkuþörf og ef þeirra nyti ekki við þyrfti enn meiri raforku til að standa undir húshitun. Lagaumgjörðin verður að taka sérstakt tillit til orkukosta sem nýtast í húshitun og styrkja fjárhagslega grunnrannsóknir á jarðhita. Á þetta við vegna rannsókna og annars undirbúnings mögulegra virkjunarframkvæmda. Huga þarf sérstaklega að stöðu fjarvarmaveitna og notenda þeirra í orkukerfinu.

Umgjörð rammaáætlunar verður að endurskoða

Samorka ítrekar gagnrýni sína á faglega ágalla rammaáætlunar og málshraða. Þjóðir Evrópu vinna að því hörðum höndum að einfalda ferla og stytta málsmeðferðartíma vegna orku- og veituverkefna. Hér á landi er verið að útvíkka umfang rammaáætlunar í stað þess að fram fari heildarendurskoðun á ferlinu eins og boðað er samkvæmt núverandi stjórnarsáttmála. Kröfur um mikinn tilkostnað eru gerðar til fyrirtækja á frumstigum verkefna. Annars staðar fellur slíkur kostnaður jafnan til mun síðar þegar nær dregur framkvæmdastigi.

Afgreiðsla virkjunarkosta í rammaáætlun er háð pólitískum straumum þegar tillögur verkefnastjórnar eru afgreiddar frá Alþingi. Engin önnur atvinnugrein býr við það að stjórnsýslumhverfi hennar geti tekið grundvallarbreytingum á fjögurra ára fresti. Þessir ágallar við rammaáætlun og framkvæmd hennar eru ekki til þess fallnir að gera rekstrarumhverfi orku- og veitufyrirtækja, með tilliti til orkuöflunar, fyrirsjáanlegt og stöðugt og hækka kostnað við þróun orkuverkefna að óþörfu.

Sveitarfélög gegni lykilhlutverki varðandi vindorku

Mikil gróska er í þróun vindorkunýtingar. Hún er þeim kostum búin að vera afturkræf tímabundin nýting sem unnt er að byggja upp í áföngum samhliða vaxandi eftirspurn eftir grænni orku. Áhrif af vindorkunýtingu eru mest í nærumhverfi hennar og því mikilvægt að sveitarfélög gegni lykilhlutverki í því hvar hún fari fram. Rammaáætlun er því ekki hentugur farvegur fyrir ákvarðanatöku um vindorkunýtingu, nema til komi heildarendurskoðun á umgjörð hennar.

Hagkvæmni í uppbyggingu innviða

Orkuskiptin kalla á miklar fjárfestingar. Hagkvæmni í fjárfestingum þarf að ráða för og mikilvægt er að opinberum fjármunum sem veitt verður til orkuskipta verði skynsamlega varið.

Samhliða orkuskiptum þarf á næstu áratugum að uppfæra hluta veitukerfa, vatnsveitna og fráveitna til samræmis við nýjar kröfur. Þýðingarmikið er að opinberum sjóðum verði skynsamlega varið og brýnustu verkefnum forgangsraðað.

Auka þarf fé til uppbyggingar fráveitna. Mesti umhverfisávinningur er falinn í því að gera sveitarfélögum kleift að uppfylla núgildandi reglugerð um hreinsun skólps á öllum þéttbýlisstöðum. Óskynsamlegt er að setja of strangar íþyngjandi kröfur á lítil og meðalstór sveitarfélög með litlum eða engum umhverfislegum ávinningi.

Gæta þarf að vernd vatnstökusvæða um allt land og koma í veg fyrir röskun þeirra eða tilfærslu með miklum tilkostnaði.

Menntum mannauð til orkuskipta

Orku- og veitumál eru í eðli sínu flókinn málaflokkur sem krefst umfangsmikillar þekkingar og skilnings. Full orkuskipti munu ekki raungerast án þess að nýta og treysta þeirri sérþekkingu sem er til staðar hjá starfsfólki orku- og veitufyrirtækjanna. Samorka skorar á stjórnvöld að styrkja þekkingu á orku- og veitumálum innan stjórnkerfisins svo hún endurspegli það mikilvægi sem

málaflokkurinn hefur í daglegu lífi íbúa í landinu og metnað stjórnvalda í loftslagsmálum.

Til að tryggja að samfélagið búi áfram að þeim mannauði sem nauðsynlegur er til að reka mikilvæga innviði þarf að styrkja iðn- og verknám og fjölga nemendum í raunvísinda- og tæknigreinum á háskólastigi.